

Kæru nemendur og foreldrar, gleðilegt nýtt ár!

Nú hefur árið 2017 kvatt okkur og árið 2018 heilsað með nýjum áskorunum og verkefnum. Í janúar munum við halda 20.000 hrósmiða hátíðina okkar en hana höldum við einu sinni á ári í tilefni þess að allur skólinn hefur í sameiningu safnað 20.000 hrósmiðum. Þessu takmarki náðum við í desember en ákváðum að fresta hátíðinni þar sem mikið var um að vera í jólamánuðinum.

Í síðustu könnun Skólapúlsins kom fram hjá nemendum að áhugi á lestri er á uppleið hjá okkur og viljum við sannarlega viðhalda því. Við fengum auka fjármagn frá Akureyrarbæ til bókakaupa og einnig gaf Foreldrafélagið okkur fjármagn til að bæta í bókakostinn. Við færum ykkur bestu þakkir fyrir það. Þetta gerði það að verkum að við gátum keypt margar nýjar bækur fyrir jólin og hefur verið mikið að gera hjá Guðrúnu á bókasafninu þessa fyrstu daga ársins að lána út bækurnar. Það er virkilega gaman að geta haldið áfram á þessari braut og þurfum við að hjálpast að við að hvetja börnin til dáða í lestrinum.

Við viljum minna á að ábyrg og örugg netnotkun er eitthvað sem allir foreldrar þurfa að huga að varðandi börnin sín. Á heimasíðu SAFT (www.saft.is) geta foreldrar fundið ýmsar upplýsingar og heilræði sem er ætlað að styðja þá í því að börnin þeirra umgangist netið á jákvæðan og öruggan hátt.

Í þessum mánuði eru tveir viðtalsdagar og munum við senda út tilkynningu þegar hægt verður að skrá sig í viðtal og einnig er nauðsynlegt að fylla út frammistöðumat inn á Mentor. Það verður einnig send út tilkynning þegar það opnar.

Við hér í skólanum lítum björtum augum til komandi árs og sameiginlega tökumst við á við þau verkefni sem bíða okkar. Við verðum að muna að það er sameiginlegt verkefni okkar allra að gera starfið í skólanum okkar sem árangursríkast, því saman lærum við, náum árangri og gleðjumst.

Bestu þakkir fyrir samstarfið á liðnu ári og megi nýtt ár taka á móti okkur með bros á vör!

Bestu kveðjur úr skólanum,

Ólöf Inga

Á döfnni í janúar:

| | |
|------------------|---------------------------------------|
| 3. janúar | Skipulagsdagur |
| 4. janúar | Skóli hefst skv. stundaskrá |
| 10. - 17. janúar | Frammistöðumat opið og bókun viðtala |
| 22.-23. janúar | Viðtalsdagar í 1.-10. bekk |
| 26. janúar | Söngsalur - 1. og 9. bekkur velja lög |



Janúar er tileinkaður

Vináttu

Regla mánaðarins er

„Við hugsum um þá sem eru einir og skiljum engan útundan“

Hvað er námstækni?

Námstækni er aðferðir sem við notum til að læra. Ekki er víst að við séum alltaf að nota þær aðferðir sem henta okkur best í námi. Margir lesa margsinnis yfir fyrir próf en muna lítið sem ekkert af því sem þeir lesa. Þá er lesturinn einn og sér ekki hentug námstækni fyrir þá. Mikilvægt er að hver og einn finni hvaða námstækni hentar honum, því fyrir því betri árangur. Til að finna hvaða aðferðir það eru sem henta hverjum og einum þarf að prófa mismunandi aðferðir. Góð námstækni er þær aðferðir sem skila okkur góðum árangri í námi. Undir námstækni flokkast t.d. skipulagning á tíma og vinnu, lestraraðferðir, glósutækni og minnistækni.

⇒ **Skipulagning á tíma og vinnu:**

Notaðu skipulagstöflu.

Fylgstu vel með í kennslustundum.

Finndu besta tímann fyrir heimanámið.

Hafðu góða yfirsýn yfir vinnuálag og hvenær mesta álagið er.



⇒ **Lestraraðferðir:** Aðferðir til að muna betur það sem maður les.

Lestu vandlega og glósaðu.

Lestu vandlega og búðu til spurningar úr textanum.

Búðu til hugtakakort.

Gerðu útdrátt úr efninu sem lesið var.

⇒ **Glósutækni:** Að glósa þýðir að skrifa niður aðalatriði þess sem maður heyrir, les eða sér.

Koma sér upp góðu skipulagi á uppsetningu á glósum og nota þær til að muna og fyrir próf.

⇒ **Minnistækni:** Finna aðferð sem virkar fyrir þig, t.d.

Endurtekning.


Minnisspjöld.

Post it miðar.

Rím.

Myndræn framsetning.

Tölvuforrit t.d. Quiz up.



Hægt er að leita til ráðgjafa til að fá frekari upplýsingar og ráðgjöf við að bæta námstækni sína.

Ráðgjafi Síðuskóla er: Guðfinna Árnadóttir

Netfang: gudfinna@akmennt.is

Lykilhæfni

Í Síðuskóla er farin sú leið að meta lykilhæfni nemenda, þ.e. hvernig námsmenn þeir eru og hvaða vinnubrögðum þeir beita í sínu námi. Tvisvar á ári er frammistöðumat unnið í Mentor en þá leggja bæði nemendur og kennarar mat á ákveðna þætti. Það eru: *Sjálfstæði og ábyrgð, virkni í samvinnu, þrautseigja og tjáning og miðlun upplýsinga*. Lykilhæfnipættir fléttast svo einnig inn í lokamat í hverri námsgrein enda hluti af hæfni nemenda.

Til að meta lykilhæfni eru notaðir bókstafirnir A, B, C, og D. Í mati á lykilhæfni þýðir:

A – Gerir sitt allra besta

B – Gerir vel

C – Leggur sig þokkalega fram

D – Leggur sig lítið fram

Heilsueflingarnefnd Síðuskóla hvetur foreldra/forráðamenn til að huga sérstaklega að nestismálum nemenda nú í janúar. Nú er ávaxta- og grænmetisátak. Við hvetjum til þess að nemendur komi með ávexti og grænmeti í nesti í stað brauðs, safa og sykraðra mjólkurvara.



Frammistöðumat og foreldraviðtöl

Samkvæmt skóladagatali eru foreldraviðtöl í Síðuskóla mánudaginn 22. janúar og þriðjudaginn 23. janúar. Þessa daga mæta foreldrar til viðtals við umsjónarkennara með barni sínu. Aðrir kennarar skólans eru einnig til viðtals í sínum heimastofum eftir þörfum. Foreldrar bóka sjálfir viðtöl í Mentor. Athugið að aðeins er hægt að bóka viðtöl í Mentor miðvikudaginn 10. janúar til miðvikudagsins 17. janúar. Ljósblá flís birtist efst í vinstra horninu þegar þið skráið ykkur inn á Mentor til að skrá sig í viðtöl. Gott er að þeir sem eiga fleiri en eitt barn bóki sig fyrir en síðar til að ná samliggjandi tímum.

Í Síðuskóla hafa nemendur (með aðstoð foreldra eftir þörfum) og kennarar fyllt út frammistöðumat í Mentor. Það er aðgengilegt í Mentor bæði á aðgangi nemenda og foreldra. Til að fylla út frammistöðumat er smellt á flísina "fjölskylduvefur" og "frammistöðumat" valið í flípanum til vinstri. Þá er hægt að velja frammistöðumat fyrir viðkomandi barn og fylla út. Þetta þarf að gera í síðasta lagi miðvikudaginn 17. janúar en fimmtudaginn 18. janúar geta foreldrar séð mat kennara og borið saman við mat nemenda. Í viðtölum er grundvöllur til að ræða frammistöðumatið sem og námsmat sem birt hefur verið á hæfnikortum nemenda undir námsmatsflísinni í Mentor.

Spurningakeppni á unglingsstigi 20. desember



Spurningakeppni unglingsstigs er haldin ár hvert í Síðuskóla. Keppnin er yfirleitt haldin 1. desember en í ár varð breyting á því og fór keppnin fram 20. desember. Fyrirkomulagið er þannig að keppnin skiptist í hraða-spurningar, þjölluspurningar, vísbendinga-spurningar og leik. Hörð keppni var í ár, en að lokum sigraði 9. bekkur báðar sínar viðureignir, við 8. og 10. bekk. Við látum hér fylgja myndir frá keppninni, auk mynda af liðunum sem stóðu sig öll vel og voru flóttir fulltrúar sinna bekkja. Hér til hliðar er mynd af vinningsliðinu, þeim Halldóri, Tryggva og Sóleyju.



MATSEÐILL - janúar 2018

| Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur |
|--|---|---|--|--|
| 1. | 2. | 3. | 4. Fiskur í raspi, kartöflur, lauksmjör, ávextir | 5. Makkarónugrautur |
| 8. Lasagna, snittu- brauð, grænmeti | 9. Fiskibollur, hrís- grjón, súrsætsósa, ávextir | 10. Pylsupasta Salatbar Val nemenda | 11. Ofnbakaður fiskur, kartöflur, sósa,ávextir | 12. Kjúklingasúpa, brauð, salatbar |
| 15. Soðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, ávextir | 16. Hakkbuff, kartöflur, brún sósa | 17. Brauðaður fiskur, kartöflur, köld sósa,ávextir | 18. Kjúklingur, hrís- grjón, köld sósa | 19. Skyr, brauð, álegg |
| 22. Foreldraviðtöl | 23. Foreldraviðtöl | 24. Ofnbakaður fiskur, hrísgrjón, sósa,ávextir | 25. Hakkbollur, kartöflur, sósa | 26. Skinkupasta, salat- bar |
| 29. Steiktur fiskur, hrísgrjón,ávextir | 30. Soðið slátur, kartöflur, jafningur | 31. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, ávextir | | |